

20. tbl.
16. maí. 2023
30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



ORKUVEISLA Í MÝVATNSSVEIT

26.-27. MAÍ 2023

26. MAÍ

16:00 - Skráning f. Hraunhlaupið opnar í Kaffi Borgum
18:00 - Hraunhlaupið í Dimmuborgum
18:00 - 20:00 - Happy Hour og tónlist á bakkanum í Jarðböðunum við Mývatn

27. MAÍ

08:30 - Skráning f. keppnir opna í Jarðböðunum
09:30 - Bikarmót í götuhjólreiðum
Mývatnsmaraþon
10:00 - 42 km
12:00 - 21 km
13:00 - 10 km
14:00 - Verðlaunaafhending hjólreiðamóts við Jarðböðin við Mývatn
15:00 - Verðlaunaafhending Mývatnsmaraþons við Jarðböðin við Mývatn

11:00-15:00 - Rattleikur fyrir alla fjölskylduna í Dimmuborgum. Þú sækir og skilar rattleiknum í Kaffi Borgum. Útdráttarverðlaun!
12:15 - 13:00 - Leiðsögn með Umhverfisstofnun um Dimmuborgir. Mæting við upplýsingaskilti.
18:00 - 20:00 - Happy Hour og tónlist á bakkanum í Jarðböðunum við Mývatn.
17:00-21:00 - Eftirparty í Gamla Bænum. Happy Hour, tilboð á mat og drykk og stuð frameftir kvöldi.

WWW.MYVATNMARATHON.COM

Skodið úrval gistiheimila, tjaldsvæða, veitingastaða & afþreyingarmöguleika inn á www.visitmyvatn.is

Útsýnisferðir með Mýflugi í boði alla helgina - www.myflug.is

Jarðböðin við Mývatn verða opin frá 10:00-23:00



Vorið er komið og grundirnar gróa.

Félag eldri Mývetninga hefur ákveðið að vinna að því að koma upp bekkjum við göngustíginn sem verið er að leggja umhverfis Mývatn.

Kveikjan að hugmyndinni er sú að auðvelda heimafólki að ganga frá heimili sínu og hafa möguleika á að tylla sér niður og hvíla lúin bein annað slagið á leiðinni áður en haldið er til baka, en augljóslega munu bekkirnir gagnast öllum gestum og gangandi/hjólandi.

Hreyfing er mikilvæg, og að ganga úti er heilsusamlegt eins og fólk veit og teljum við að verkefnið sé verðugt í því tilliti. Ekki eru allir svo heppnir að geta gengið eða hjólað en eiga þó möguleika á að komast á bíl á staði með fögru útsýni til fjallanna eða út á Mývatn og þá er gott að geta sest niður á bekk og notið stundarinnar.

Félag eldri Mývetninga ætlar nú að gefa tvo bekki til að byrja með, með þá von í brjosti að bekkirnir verði von bráðar fleiri. Nú þegar er hægt að bekkjavæða þá 5 km. af stígnum sem frá-gengnir eru en vonandi lengra síðar á árinu.

Ákveðið er að kaupa bekkina hjá Steinsmiðju Akureyrar. Þeir eru úr graníti, þægilega hannaðir, algjörlega viðhaldsfrír í fögrum náttúrulitum sem falla vel að umhverfinu.

Bekkur með baki kostar nú kr. 210.000 og án baks kr. 185.000. Innifalin er áletrun (ef keyptir eru nokkrir bekkir). Þar gæti t.d.staðið nafn gefanda eða „til minningar um“, o.s. frv. (stutt áletrun) . Á heimasíðu Steinsmiðjunnar er hægt að skoða bekki með baki en ekki án baks sem er ný gerð sem ekki er farið að auglýsa en hentar ekkert síður.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Þingeyjarsveit og Vega-gerðina.

Félag eldri Mývetninga óskar hér með eftir stuðningi fyrirtækja og höfðar sérstaklega til þeirra fyrirtækja með starfsemi í Mývatnssveit; einnig félagasamtaka og einstaklinga.

Vinsamlega hafið samband á netfangið: eldrimyvetningar@gmail.com.

Með vinsemi og virðingu,
stjórn Félags eldri Mývetninga.

Ásdís Illugadóttir, ssími: 846-7392 – Hólmfríður Jónsdóttir, sími: 868-3852 og Steinþór Þránínsson, sími: 898-3378. Velkomid er að leita frekari upplýsinga hjá þessu fólki.

Hlaupastelpán

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Aðalfundur Grenjaðarstaðasóknar

verður haldinn í safnaðarstofunni
Grenjaðarstað, miðvikudaginn 24. maí kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf.
Allir velkomnir.

Stjórnin.



Frá tónlistardeild Stórutjarnaskóla

Vortónleikar nemenda verða haldnir
í sal Stórutjarnaskóla
miðvikudaginn 17. maí kl 19:30

Fjölbreytt efnisskrá

Ókeypis aðgangur en kaffisala til styrktar ferðasjóði nemenda
Kaffi og með því kr. 2500- ath. ekki posi
allir velkomnir

Tónlistarkennarar